



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Þinggerð 64. Fjórðungspings Vestfirðinga

Þingeyri 10. maí 2019

Föstudaginn 10. maí 2019, var 64. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Félagsheimilinu á Þingeyri. Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

Þingsetning

Hafdís Gunnarsdóttir, formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, setti þingið kl. 11.00 og bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna.

Hafdís gerði þá að tillögu að þingforseti yrði Kristján Þ. Kristjánsson frá Ísafjarðarbæ og varaforseti yrði Nanný Arna Guðmundsdóttir frá Ísafjarðarbæ. Tillagan samþykkt.

Þingforseti Kristján Þ. Kristjánsson við fundarstjórn. Kristján þakkaði það traust sem þingið sýndi honum og bauð hann gesti og þingfulltrúa velkomna til þingsins og fór síðan yfir dagskrá þess.

Þingforseti gerði þá tillögu að þingritarar yrðu Agnes Arnardóttir og Aðalsteinn Óskarsson starfsmenn Vestfjarðastofu. Tillagan samþykkt.

Þingforseti gaf nú formanni orðið að nýju.

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga sem stjórn FV ber ábyrgð á

Formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga Hafdís Gunnarsdóttir, tók til máls og vísast til ræðu hennar í heild í þingskjali nr. 3.

Hún rakti að nú sé í fyrsta sinn haldið fjórðungsþing þar sem unnið er undir nýju fyrirkomulagi með ársfundardegi. Á sama degi væri haldið fjórðungsþing og síðan ársfundur Vestfjarðastofu. Rekstur þessara aðila væri nú orðinn samtengdur og vildi hún því gera að tillögu til þingsins, að fjalla um skýrslu stjórnar og starfsemi ársins á ársfundi Vestfjarðastofu.

Í ræðu formanns kom síðan fram að vildi hún ræða stöðu og næstu skref í helstu málefnum Vestfjarða og vestfirskra sveitarfélaga. Þar væru kaflaskil í samgöngumálum henni efst í huga nú þegar slegið hefur verið í gegn í Dýrafjarðargöngum. Hér væri dæmi um samstöðu og eindregna seiglu vestfirskra sveitarstjórnarmanna að hafa aldrei gefist upp fyrir verkefninu. Nú verði á sama hátt að fylgja eftir samgönguverkefnum í Gufudalssveit og víðar um Vestfirði. Eins yrði að efla samtal sveitarstjórnarmanna um önnur brýn úrlausnarefni líkt og í orkumálum og flutningsmálum raforku, í loftlagsmálum og í umhverfismálum. Í þessum málaflokkum væri sótt að vestfirskum samfélögum að hálfu ýmissa aðila og hér yrðu sveitarstjórnir að standa saman. Í lok ræðu sinnar setti hún síðan 64. Fjórðungsþing Vestfirðinga.

Þingforseti bar upp tillögu um að skýrsla stjórnar verði tekin til umræðu á ársfundi Vestfjarðastofu nú síðar í dag og yrði þá afgreidd þar bæði fyrir Vestfjarðastofu og FV í sameiningu. Tillagan samþykkt einróma.

Þingforseti tók aftur til máls og bar upp tillögu stjórnar FV að eftirfarandi nefndum:

Kjörbréfanefnd

María Ósk Óskarsdóttir Vesturbyggð Formaður
Ingimar Ingimarsson Reykhólahreppi
Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir Bolungarvíkurkaupstað.

Tillagan samþykkt og tók kjörbréfanefnd strax til starfa.

Fjármálanefnd

Baldur Smári Einarsson, Bolungarvík.
Finnur Ólafsson, Kaldrananeshrepp
Gerður Sveinsdóttir, Vesturbyggð

Tillagan samþykkt og tók fjármálanefnd strax til starfa.

2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðanda FV og rekstrareikninga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á

Þingforseti gaf næst Aðalsteini Óskarsyni sviðstjóra byggðaþróunarviðs Vestfjarðastofu og framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfjarða orðið. Fór hann yfir ársreikning fyrir árið 2018 sem var staðfestur á stjórnarfundum 9. maí s.l. og sendur sveitarfélögum sama dag. Hann kynnti skýrslu endurskoðanda og skýrslu stjórnar þar sem sett er fram það álit að ársreikningur gefi góða mynd af rekstri og efnahag FV í árslok 2018.

Heildartekjur sambandsins námu tekjur 361.101 þ.kr. en rekstrargjöld 357.515 þ.kr. þar af eru laun og launatengd gjöld 46.122 þ.kr. Rekstrarafkoma var jákvæð um 4.976 þ.kr. Heildareign sé samkvæmt efnahagsreikningi 213.612 þ.kr. í árslok 2018, en skuldir og skuldbindingar rúmum 168.004 þ.kr. Eigið fé nemur því 45.607 þ.kr.

Aðalsteinn fór síðan yfir skýringar með ársreikningi þar sem gert er grein fyrir rekstri einstakra deilda Fjórðungssambandsins og vísast til þingskjals nr. 4. Megin breyting í rekstri Fjórðungssambandsins var að á miðju ári 2018 færðist rekstur til Vestfjarðastofu því eru rekstrarkostnaður til helminga hjá Fjórðungssambandi og sem framlag til Vestfjarðastofu.

Aðalsteinn óskaði eftir að ársreikningi 2018 yrði vísað til umfjöllunar fjármálanefndar.

Þingforseti gaf formanni fjármálanefndar Baldri Smára Einarssyni orðið og vakti hann athygli á fyrirvara endurskoðanda um framsetningu lífeyrisskuldbindinga Fjórðungssambandsins. Í stað þess að lífeyrisskuldbinding sé færð í ársreikning í efnahagsreikningi þá sé hún gjaldfærð við greiðslu. Lífeyrisskuldbinding samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nam 47,5 mkr. í árslok 2017 en gjaldfærð lífeyrisskuldbinding 2018 var 7,3 mkr. Formaður fjármálanefndar lagði síðan til að ársreikningur 2018 verði samþykktur.

3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og ákvörðun um árstíllag.

Með leyfi þingforseta hélt Aðalsteinn áfram í beinu framhaldi af kynningu rekstrarreiknings og kynnti tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun Fjórðungssambandsins fyrir árið 2019. Vísast til þingskjals nr. 6. Fór Aðalsteinn yfir helstu breytingar í endurskoðaðri áætlun fyrir 2019 í samanburði við áætlun sem samþykkt var á 3. haustþingi í október 2018. Við gerð áætlunar var stuðst við niðurstöðu ársreiknings 2018 og stöðu bókhalds í lok apríl 2019.

Heildartekjur nema 364,5 mkr, þar af rekstrarframlög 197 mkr sem skiptast í; framlög sveitarfélaga 37,4 mkr og vegna lífeyrisskuldbindingar 7,5 mkr, framlög Jöfnunarsjóðs 45 mkr, framlag til almenningssamgangna 48 mkr, Byggðastofnunar 43 mkr og Ferðamálastofu 16,4 mkr. Framlag sóknaráætlunar 108 mkr og styrkir fyrra árs 44 mkr.

Heildarútgjöld nema 360 mkr, þar af stjórn og lífeyrisskuldbinding um 9 mkr, framlag til Vestfjarðastofu 149 mkr, greiddir styrkir og áhersluverkefni 148 mkr og framlag til almenningssamgangna 54 mkr.

Aðalsteinn vakti athygli á að fyrir þinginu lægi tillaga um að ákvörðun um árstíllag yrði fært til haustþings. Eins vakti Aðalsteinn athygli á að í tillögunni væri gert ráð fyrir að rúmum 50 mkr. af styrkjum fyrra árs yrði ráðstafað til verkefna á þessu ári (2019) og vísast að öðru leyti til þingskjals nr. 5

Óskaði Aðalsteinn eftir að endurskoðaðri fjárhagsáætlun yrði vísað til fjármálanefndar.

Þingforseti gaf orðið laust um ársreikning 2018 og tillögur að endurskoðaðri fjárhagsáætlun starfsársins 2019.

Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar tók til máls. Hann ræddi um að taka yrði upp nýtt vinnulag um ákvörðun árstíllags sveitarfélaga. Fjárhagsáætlanagerð sveitarfélaga færist sífellt fram á árinu og nauðsynlegt að árstíllag væri rætt samhliða fjárhagsáætlanagerð t.d. með fundum með sveitastjórum sveitarfélagana. Þetta þýddi að flytja verði ákvörðun um árstíllag til haustþings. Daníel Jakobsson tók til máls og tók undir orð Jóns Páls. Gerði einnig athugasemd um að engin gögn varðandi ársreikninga eða fjárhagsáætlun væru komin inn á vef Vestfjarðastofu. Gerir þá kröfu að nauðsynleg þinggögn væru birt með hæfilegum fyrirvara fyrir þing.

Baldur Smári Einarsson formaður fjármálanefndar tók til máls og benti á að hann teldi eðlilegra að í stað þess að lífeyrisskuldbinding yrði greidd árlega yrði hún frekar færð til skuldar á efnahagsreikningi Fjórðungssambandsins. Í þessu samhengi vakti hann athygli á að í endurskoðaðri fjárhagsáætlun væri farið eftir samþykkt 3. haustþings um að lífeyrisskuldbindingin (7,5 mkr.) væri greidd beint af hálfu aðildarsveitarfélaga Fjórðungssambandsins. Taldi hann að við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2020 yrði að endurskoða þetta fyrirkomulag. Baldur Smári lagði til að endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 yrði að öðru leyti samþykkt.

Þingforseti bar upp tillögu um að samþykkja ársreikning 2018 og endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2019. Tillagan samþykkt einróma.

Þingforseti gaf nú Maríu Ósk Óskarsdóttur formanni kjörbréfanefndar orðið. Fór hún yfir niðurstöðu vinnu kjörbréfanefndar. Öll innsend kjörbréf væru gild. Heildarfjöldi atkvæða eru 9763. Mætt er fyrir 8716,84 eða 89,28%. Öll atkvæði Árneshrepps falla niður þar sem engin fulltrúi var mættur fyrir hönd sveitarfélagsins. 455,56 atkvæði féllu niður hjá Ísafjarðarbæ þar sem ekki var skilað inn umboði vegna forfalla fulltrúa sveitarfélagsins. 149,80 atkvæði féllu niður hjá Strandabyggð þar sem ekki var skilað inn umboði vegna forfalla fulltrúa sveitarfélagsins. 100,80 atkvæði féllu niður hjá Súðavíkurreppi þar sem ekki var skilað inn umboði vegna forfalla fulltrúa sveitarfélagsins. Að öðru leyti vísast í þingskjal nr. 2 og þingskjal nr. 6

4. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns.

Liður fellur niður í samræmi við 5. og 9. greinar samþykka Fjórðungssambandsins um að kjörtímabil stjórnar væri tvö ár en síðasta var kosið á haustþingi 2018.

5. Kosning í fastanefndir.

Liður fellur niður í samræmi við 5. og 9. greinar samþykka Fjórðungssambandsins um að kjörtímabil fastanefnda væri tvö ár en síðasta var kosið á haustþingi 2018.

6. Laun og þóknun til stjórna og nefnda.

Formaður gerir tillögu um að laun og þóknunir nefnda haldist óbreyttar frá fyrra ári. Daníel Jakobsson frá Ísafjarðarbæ tók til máls og benti á að tillagan hafi ekki legið fyrir í gögnum þingsins og óskar eftir upplýsingum áður en tillagna verði afgreidd. Sigríður Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu fór yfir hver þóknun stjórna og nefnda væri hjá Vestfjarðastofu og Fjórðungssambandinu.

Stjórnarformaður: 9% af gildandi þingfararkaupi í mánaðarlaun (99.107) og 2% (22.024) af þingfararkaup fyrir aðra fundi en stjórnarfundi.

Aðrir stjórnarmenn: 4,5% (49.554) fyrir stjórnarfundi

Formenn nefnda/ráða: 4,5% (49.554) fyrir fund

Fulltrúar nefnda/ráða: 3% (33.036) fyrir fund

Þingfararkaup er nú kr. 1.101.194

Daníel Jakobsson tók aftur til máls. Gerir að tillögu sinni að stjórnarlaun verði þau sömu og bæjarstjórnarmanna hjá Ísafjarðarbæ þ.e. föst greiðsla um 33 þkr og formaður um 60 þkr. á mánuði. Þingforseti biður um tillöguna skriflega.

Finnur Ólafsson Kaldrananeshreppi tók til máls og óskar eftir útreikningum á áhrifum þessara breytinga og hvort það leiði til aukins rekstrarkostnað.

Sigríður Kristjánsdóttir tók aftur til máls og gerði nánari grein fyrir forsendum ákvarðana stjórnarlauna. Starfsháttanefnd Vestfjarðastofu vann tillögu á síðasta ári eftir athugun á stjórnakjörum annarra landshlutasamtaka. Ákveðið var að tak mið af miðgildi, ekki lægst og heldur ekki hæsta.

Bryndís Sigurðardóttir sveitastjóri Tálknafjarðarhrepps tók til máls og benti á að umfang starfa fólks í mismunandi stjórnnum séu kannski ekki sambærileg og varast ber að meta störf minna en hjá öðrum samtökum.

Þingforseti óskar eftir því að þessi liður verði færður aftur í dagskránnu til að hægt sé að gera umbeðna útreikninga.

Sigurður Hreinsson Ísafjarðarbæ tók til máls og bar saman laun sín sem stjórnarmaður FV og Vestfjarðastofu og sem bæjarfulltrúi hjá Ísafjarðarbæ.

Daníel Jakobsson kynnti að hann dragi tillögu sína til baka.

Þingforseti bar upp tillögu formanns um að laun og þóknun nefnda haldist óbreytt og gaf orðið laust. Engin kvað sér hljóðs og tillagan er samþykkt einróma.

7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis

Þingforseti bar upp tillögu stjórnar um að áframhaldandi samnings Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Forseti bara tillöguna upp til samþykkis og var hún samþykkt samhljóða.

8. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.

Hafdís Gunnarsdóttir bar upp tillögu um að næsta haustþing verði haldið í Strandabyggð 4.-5. október 2019. En stjórn leiti tillagna frá sveitarstjórnnum um málefni þingsins. Fram kom ábending að þessi dagsetning rækist á við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Þingforseti bar því upp tillögu um að vísa ákvörðun um dagsetningu og líkt og val um málefni, til stjórnar Fjórðungssambandsins. Þingforseti bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

9. Önnur mál löglega fram borin

Formaður tók til máls og bar upp tillögu stjórnar um heimild til að breyta megi samþykktum á haustþingi. Sjá þingskjal nr. 7.

Formaður tók til máls og bar upp tillögu stjórnar um stofnun milliþinganefnar um endurskoðun samþykta og þingskapa. Sjá þingskjal nr. 8.

Þingforseti opnaði umræðu varðandi báðar tillögurnar.

Sigurður Hreinsson tók til máls og vísaði til tillagna sem hann hafði sent sveitarfélögunum í aðdraganda þingsins varðandi breytingar á samþykktum Fjórðungssambandsins. Í ljósi tillögu stjórnar vildi hann ekki bera þessar tillögur upp á þinginu en vildi vísa efni þeirra til væntanlegrar milliþinganefnar verði tillaga stjórnar samþykkt. Eins lýsti Sigurður áhuga á að taka sæti í milliþinganefnd.

Haldið 10. maí 2019 í Félagsheimilinu á Þingeyri

Þingforseti bar upp tillögu um heimild til að breyta megi samþykktum á haustþingi. Samanber þingskjal nr. 7. Tillagan samþykkt einróma.

Þingforseti vakti athygli á að í tillögu um stofnun millipinganeftar um endurskoðun samþykta og þingskapa væri ekki tilgreint hvernig skipað yrði í nefndina. Lagði hann til að bætt yrði við tillöguna að um að skipan millipinganeftar væri vísað til stjórnar Fjórðungssambandsins. Bar svo tillöguna upp í heild sinni með áorðnum breytingum. Engin kvaddi sér hljóðs. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti óskaði eftir að hann og þingritarar gengju frá þinggerð þingsins, tillagan samþykkt.

Forseti gaf síðan formanni orðið.

Formaður þakkaði þingfulltrúum setu á þinginu og sleit 64. Fjórðungsþingi Vestfirðinga.

Þingi var því slitið kl. 12.13.

Kristján Þ. Kristjánsson, þingforseti

Agnes Arnardóttir, þingritari

Aðalsteinn Óskarsson, þingritari

Þingskjal 1**DAGSKRÁ****Föstudagur 10. maí**

Dagskrá þingsins verður samkvæmt samþykktum Fjórðungssambandsins.

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.
 2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
 3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og ákvörðun um árstíllag. *
 4. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns, nema á kosningarári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings. **
 5. Kosning í fastanefndir, nema á kosningarári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings. ***
 6. Laun og þóknun til stjórna og nefnda.
 7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis
 8. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis. (4. og 5. október – Strandir- fastsetja staðsetningu)
 9. Önnur mál löglega fram borin. Þingið gerir tillögu um að þingsköpum og samþykktum FV verði endurskoðaðar af starfsháttanefnd og nefndin skili tillögum til haustþings 2019.
- * Tillaga um frestun ákvörðunar árstíllags til haustþings 2019.
- ** Liður fellur niður þar sem smkv. 5. gr. samþykkt er kjörtímabil stjórnar tvö ár. Síðast var kosið árið 2018.
- *** Liður fellur niður í samræmi við 5 gr. samþykkt er kjörtímabil stjórnar tvö ár og á hið sama við um fastanefndir.

Þingskjal 2 Atkvæðavægi

Atkvæðavægi sveitarfélaga á 64. Fjórðungspingi Vestfirðinga

Atkvæðavægi sveitarfélaga á 64. Fjórðungspingi Vestfirðinga

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig:

Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði.

Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.

Íbúar
1.jan.19

Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Grunn atkvæði	Fjöldi atkvæða
Reykhólahreppur	258	300	558
Vesturbyggð	998	300	1298
Tálknafjarðarhreppur	258	300	558
Bolungarvík	953	300	1253
Ísafjarðarbær	3800	300	4100
Súðavíkurbhreppur	204	300	504
Árneshreppur	40	300	340
Kaldrananeshreppur	103	300	403
Strandabyggð	449	300	749
Samtals	7063	2700	9763

Tekið saman samkvæmt 4. gr. samþykktu Fjórðungssambands Vestfirðinga um atkvæðavægi sveitarfélaga á Fjórðungspingi Vestfirðinga

Þingskjal 3 Skýrsla stjórnar

Ræða Hafdísar Gunnarsdóttur, formanns stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Er ég stend hér fyrir framan ykkur, velti ég fyrir mér öllu sveitarstjórnarfólkinu sem kom á undan okkur, ruddi leiðina fyrir okkur og potaði og potaði og potaði svo mál þokuðust áfram. Með misjöfnum árangri. Sum mál tekur nokkra áratugi bara að koma í farveg og það þekkjum við Vestfirðingar allt of vel. Þegar þau loksins verða að veruleika, þegar sigurinn er í höfn, þá hugsar maður um öll Grettistökin sem hefur verið lyft til að komast á þennan stað. Nýlegt dæmi eru Dýrafjarðargöng. Þegar sprengt var í gegnum gönginn núna rétt fyrir páskana, við hátíðlega athöfn og stórkostlegan söng karlakórsins Ernis, fannst mér svo óraunverulegt að þetta væri í raun að gerast. Ég hef heyrt talað um Dýrafjarðargöng síðan ég var barn en aldrei bólaði neitt á þeim. Þau hljómuðu eins og einhver æðislega frábær frændi í útlöndum, sem aldrei kom í heimsókn og með árunum hætti ég að trúa að væri í raun og veru til. Svo bara birtist hann, baðaður í öllum sínu æðislegheitum. En Dýrafjarðargöng birtust ekki bara. Það þurfti 30 ár af harki, þrjósku og vinnu sveitarstjórnarfólks og alþingismanna. Þetta fólk gafst aldrei upp og stöndum við í þakkarskuld við það. Þið eruð mörg hér inni sem eigið ykkar þátt í Dýrafjarðargöngum. Sem og öllum hinum þrekvirkjunum sem gerð hafa verið um alla Vestfirði.

En það er ekki hægt að tala um baráttumál sem tekur áratugi að vinna án þess að minnast á veg um Gufudalssveit. Teigsskóg. Munum við hitta þann æðislega frábæra frænda? Hann virðist reyndar hafa dáið nokkrum sinnum um ævina en er alltaf lífgaður við. Blessaður garmurinn. Það var í október sl. sem ég áttaði mig á því að sú samgöngubót yrði að veruleika. Þegar við Vestfirðingar stóðu frammi fyrir því að nokkur hundruð störf á Vestfjörðum væru í hættu, þegar blessuð úrskurðanefndin felldi öll rekstrarleyfi í fiskeldi úr gildi, þá hrukkum við í gir sem við höfum ekki verið í áður svo ég viti til. Við stóðum saman sem ein manneskja, sveitarstjórnarfólk, atvinnulífið og íbúarnir og létum í okkur heyra. Og það heyrðist svo hátt í þessum 2% þjóðarinnar að það ómaði um allt landið. Það er þessi samtakamáttur og kjaftur sem skila okkur árangri. Við reyndar rífum ekki kjaft hér, við tölum bara Vestfirsku. Við megum hins vegar aldrei taka þessum samtakamætti sem sjálfsögðum hlut. Við megum vera ósammála, það er öllum hollt, og takast innbyrðis á um leiðir sem á að fara, um þau mál sem setja á á oddinn. En þegar kemur að því að berjast fyrir okkar málum þá stöndum við saman sem ein manneskja. Við megum ekki við því að öllum þessum litlu sveitarfélögum, sem við erum, sé engt saman um einhverja brauðmola. Það verður til þess að ekkert gerist hér.

Hvað varðar áherslur okkar sem landshluta og verkefni sem við viljum að Fjórðungssambandið beiti sér fyrir, þá er þetta, fjórðungsþing, akkúrat vettvangurinn til að ræða þau og koma á framfæri. Hér eigum við að láta í okkur heyra og fela stjórn Fjórðungssambandsins að vinna ákveðin áhersluverkefni fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum. Ég kalla því eftir ykkar hugmyndum um hvernig við eigum að nýta fjármagnið sem fer í gegnum FV og Vestfjarðastofu.

Eitt af þeim stóru verkefnum sem við stöndum frammi fyrir í dag eru loftslagsmálin. Við erum vissulega pínulítill í heildarsahenginu en það þýðir ekki að við munum ekki gera allt sem í okkar valdi stendur til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Sveitarfélögin á Vestfjörðum eru leiðandi í umhverfismálum á Íslandi. Silfurvottuð af Earth check. Við státum okkur af öflugum aðgerðum

til umhverfisverndar svo eftir er tekið. Samt fáum við ítrekað að heyra hversu miklir umhverfissóðar við erum því hér viljum við rækta eldislax og vera með vatnsaflsvirkjanir. Við fáum að heyra að við séum umhverfissóðar frá fólki sem býr við heimsins bestu innviði og eru að kafna úr svifryki. Skoðum þetta aðeins nánar. Með því að rækta hér eldislax erum við að styðja við framleiðslu á umhverfisvænustu próteinframleiðslu sem til er. Sameinuðu þjóðirnar hafa hvatt til aukinnar framleiðslu á eldisfisk til að mæta aukinni þörf á próteini í heiminum. Af því að þessi leið er sú umhverfisvænasta. Með Hvalárvirkjun erum við að búa til rafmagn á umhverfisvænan hátt og það gerum við ekki bara af því bara. Þetta verkefni er lykilatriði í uppbyggingu raforkukerfis á Vestfjörðum, eins og kemur fram í nýlegri skýrslu Landsnets. Þá fáum við að heyra m.a. frá Landvernd að á Íslandi sé nóg til af raforku fyrir alla. Hún sé bara bundin í stóriðju á Íslandi og því þurfi að breyta. Það mun ekkert breytast og ástæðan er sú, eins einkennilega og það hljómar, að álframleiðsla á Íslandi sem er knúin áfram af rafmagni frá vatnsaflsvirkjunum er stærsta framlag Íslands til loftlagsmála. Ef álverin væru ekki hér á landi væru þau að öllum líkindum knúin af brennslu olíu eða kola. Hlýnun jarðar er stærsta vandamál heimsins í dag. Með m.a. fiskeldi og Hvalárvirkjun leggjum við lið í baráttu gegn því vandamáli.

Góðir gestir, ég hlakka til að eiga samtál við ykkur um framtíð Vestfjarða og heyra ykkar hugmyndir. Þið hér inni eruð sveitarstjórnarfólkið sem er að riðja leiðina fyrir sveitarstjórnarfólk framtíðarinnar. Það gerum við með því að pota og pota, vinna saman sem ein heild og tala hressilega vestfirsku.

Ég bið Kristján Þór Kristjánsson og Nanný Örnú Guðmundsdóttur að taka við fundarstjórninni og segi þetta 64. fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga sett

Þingskjal 4 Ársreikningur

Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga er lagður fram með samanburði við rekstur ársins 2017. Ársreikningum fylgja skýringar við rekstur deilda Fjórðungssambandsins.

Ársreikningur var staðfestur á stjórnarfundum 9. maí s.l. og sendur sveitarfélögum sama dag, með ársreikningum fylgir skýrsla endurskoðanda og skýrsla stjórnar þar sem sett er fram það álit að ársreikningur gefi góða mynd af rekstri og efnahag FV í árslok 2018.

Heildartekjur sambandsins námu 361.101 þ.kr. en rekstrargjöld 357.515 þ.kr. þar af eru laun og launatengd gjöld 46.122 þ.kr. Rekstrarafkoma var jákvæð um 4.976 þ.kr. Heildareign samkvæmt efnahagsreikningi 213.612 þ.kr. í árslok 2018, en skuldir og skuldbindingar rúmum 168.004 þ.kr. Eigið fé nemur því 45.607 þ.kr.

Rekstrarreikningur ársins 2018

	2018	2017
Rekstrartekjur		
Framlög og styrkir	348.307.457	272.362.521
Aðrar tekjur	12.793.697	8.026.056
	<u>361.101.154</u>	<u>280.388.577</u>
Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld 6	46.122.603	78.411.507
Annar skrifstofukostnaður	17.112.968	39.636.736
Kostnaður vegna sérverkefna	294.280.085	162.517.534
	<u>357.515.656</u>	<u>280.565.777</u>
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir	3.585.498	(177.200)
Afskriftir fastafjármuna	<u>(9.254)</u>	<u>(11.568)</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjárm.tekjur og (fjárm.gjöld)	3.576.244	(188.768)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals 7	<u>1.400.143</u>	<u>1.591.598</u>
Rekstrarafkoma	<u>4.976.387</u>	<u>1.402.830</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrafjármunir	2		
Eignarhl. í búnaði Þróunarseturs		37.017	46.271
		37.017	46.271
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Eignarhlutar í félögum	3	14.607.562	6.151.601
Stofnfé í sjálfseignarstofnunum	3	300.000	300.000
Fyrirfr.gr.langtímakostnaður, lif.sj.		5.383.644	5.578.630
		20.291.206	12.030.231
Fastafjármunir		20.328.223	12.076.502
 Veltufjármunir			
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur og óinnkomnir styrkir	4	52.725.619	110.133.899
Aðrar skammtímakröfur		0	1.902.596
		52.725.619	112.036.495
Handbært fé			
Fyrirtækjareikningur		108.539.517	96.002.168
Sjóðsbréf		1.928.199	1.837.962
Bankabækur		30.090.653	17.859.107
		140.558.369	115.699.237
Veltufjármunir		193.283.988	227.735.732
Eignir		213.612.211	239.812.234

31. desember 2018

Eigið fé og skuldir			
	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé 1/1		40.631.420	39.228.590
Rekstrarafkoma		4.976.387	1.402.830
Eigið fé	5	<u>45.607.807</u>	<u>40.631.420</u>
Skuldir:			
Viðskiptaskuldir		20.983.947	799.331
Skuld við tengt félag		25.988.598	12.413.837
Óhafnir styrkir Uppbyggingarsjóðs		37.040.000	46.056.969
Ógreidd laun og launatengd gjöld		1.562.500	19.516.239
Ógreiddar ýmsar skammtímaskuldir		10.803.253	9.182.560
Ónotaðir styrkir og fyrirframgr. tekjur		71.626.106	111.211.878
Skuldir		<u>168.004.404</u>	<u>199.180.814</u>
Skuldir og eigið fé		<u>213.612.211</u>	<u>239.812.234</u>

Sjóðsstreymi árið 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma ársins		4.976.387	1.402.830
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir		9.254	11.568
Sölutap (söluhagnaður).....		0	353.573
Veltufé frá rekstri		4.985.641	1.767.971
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Skammtimakröfur, lækkun, (hækkun)		59.310.876	(76.366.926)
Skammtimaskuldir, (lækkun), hækkun		(31.176.411)	87.159.072
Handbært fé frá rekstri		33.120.106	12.560.117
Fjárfestingarhreyfingar			
Seld bifreið		0	150.000
Keypt hlutabréf		(8.455.961)	(2.151.601)
Fyrirframgr. lífeyrissj. skuldn.		194.990	(5.578.630)
Fjárfestingarhreyfingar		(8.260.971)	(7.580.231)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		24.859.135	4.979.886
Handbært fé í upphafi árs		115.699.234	110.719.348
Handbært fé í lok árs		140.558.369	115.699.234

Skýringar með sundurliðun á deilda er sem hér segir

Almenn deild (rekstur skrifstofu). Tekjur nema 49 mkr, þar af framlög 32,6 mkr almennt framlag Jöfnunarsjóðs, 10,2 mkr framlög sveitarfélaga, framlag Jöfnunarsjóðs vegna sóknaráætlunar 3,6 mkr og 1,8 mkr áhersluverkefni vegna þróunarsetra.

Gjöld nema 48,3 mkr, þar af launaliðir og lífeyrisskuldbinding 23,1 mkr og rekstrarframlag til Vestfjarðastofu 22,7 mkr.

Hagnaður 1,7 mkr verði færður til eignar og ráðstöfun síðar.

Sóknaráætlun

Tekjur nema 160 mkr, þar af 107,6 mkr framlag sóknaráætlunar, 63 mkr vegna viðauka við sóknaráætlun. Tillaga er gerð um að færðir verði styrkir 18,8 mkr til næsta árs en á móti koma styrkir frá fyrra ári 13,8 mkr, auk þess færast 5,8 mkr vegna áhersluverkefna á aðrar deildir.

Gjöld nema 156,4 mkr, þar af greiddir styrkir 126,1 mkr og 26 mkr framlag til Vestfjarðastofu. Framlag Vestfjarðastofu skiptist í 4 mkr rekstrarframlag og 22 mkr vegna áhersluverkefna. Launaliðir nema 3,7 mkr.

Hagnaður 4 mkr, verður færður til eignar og ráðstöfun síðar, en með fyrirvara um uppgjör Sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019.

Atvinnuþróun og nýsköpun.

Tekjur nema 48,5 mkr, þar af framlag samnings um atvinnu og byggðaðróun 42 mkr og framlög sveitarfélaga 6,5 mkr. Tillaga er gerð um að ráðstafa 7,4 mkr styrk frá fyrra ári með því að fær 2,5 mkr til næsta árs en endurgreiða 4,9 mkr vegna ónotaðs framlags samnings um atvinnu og byggðaðróun frá árinu 2017.

Gjöld nema 48,6 mkr, þar af 41,7 mkr framlag til Vestfjarðastofu vegna atvinnu og byggðaðróunar, 4,9 mkr vegna raforkumála, launaliðir nema 1,5 mkr.

Tap 0,1 mkr verður mætt af hagnaði af almennum rekstri.

Byggðaðróun.

Tekjur nema 26,1 mkr, þar af 15,8 mkr framlög ráðuneyta (þar af 15 mkr C1 verkefni Byggðaaáætlun), 3,7 mkr vegna umhverfissvottunar og 3,8 mkr vegna Brothættra byggða. Tillaga er gerð um að færa styrki til næsta árs 0,7 mkr en á móti koma styrkir frá fyrra ári 2,3 mkr.

Gjöld nema 23,9 mkr, þar af 18,7 mkr framlag til Vestfjarðastofu sem er C1 verkefni og áhersluverkefni Sóknaráætlunar. Launaliðir nema 3,9 mkr.

Hagnaður 2,1 mkr verði færður til eignar og ráðstöfun síðar.

Meningarmál

Tekjur nema 12,5 mkr, þar af framlag sveitarfélaga 9,9 mkr. Tillaga er gerð um að færa styrki til næsta árs 7,8 mkr en á móti koma styrkir frá fyrra ári 10,5 mkr.

Gjöld nema 10,5 mkr, þar af 5 mkr rekstarframlag til Vestfjarðastofu og greiddir styrkir 1,6 mkr, launaliðir nema 1,9 mkr.

Hagnaður 2,1 mkr verði færður til eignar og ráðstöfun síðar.

Markaðsmál.

Tekjur nema 31,7 mkr, þar af framlög Ferðamálastofu 16,4 mkr, framlög sveitarfélaga 6,8 mkr og áhersluverkefni 2,9 mkr. Gerð er tillaga um að færa styrkir 4,5 mkr til næsta árs en á móti komi styrkir fyrra árs 10,5 mkr.

Gjöld nema 31,4 mkr, þar af framlag til Vestfjarðastofu 13,1 mkr og launaliðir 12,7 mkr.

Almenningssamgöngur.

Tekjur nema 38,5 mkr, þar af framlag Vegagerðar 41 mkr. Gerð er tillaga um að færa styrki 9,4 mkr til næsta árs en á móti koma styrkir fyrra árs 6,8 mkr.

Gjöld nema 38,5 mkr. Þar af framlög til aksturs 29,5 mkr, framlag til þróunarverkefna 7 mkr, launaliðir 0,3 mkr og framlag til Vestfjarðastofu vegna reksturs 0,7 mkr.

Þingskjal 5 Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2019.

FV - endurskoðuð fjárhagsáætlun 2019			
Rekstrartekjur			
Styrkir og framlög	Áætlun 2018	Raun 2018	Endurskoðuð áætlun 2019
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	31.550.000	32.600.000	34.000.000
Árstillag sveitarfélaga til FV	35.400.000	35.400.000	37.400.000
Ferðamálastofa - fast framlag	16.400.000	16.400.000	16.400.000
Byggðastofnun	41.270.000	41.980.000	42.693.000
Sóknaráætlun Vestfjarða	107.600.000	107.600.000	107.600.000
Brothættar byggðir	10.400.000	3.825.000	
Framlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga			7.500.000
Verkefnatengdar tekjur			
Jöfnunarsjóður - Sóknaráætlun / þróun	4.700.000	5.300.000	10.900.000
Framlög almenningsamgangna	29.800.000	30.800.000	48.000.000
Þróun almenningsamgangna	10.250.000	10.250.000	
Ferðamálastofa - sérverkefni	8.500.000	-	
Árgjald Markaðsstofu	1.400.000	1.390.000	
Árgjald Earth Check	400.000	360.000	400.000
Ónotaðir styrkir fyrra árs	48.200.000	48.200.000	43.580.000
Ónotaðir styrkir færðir til næsta árs		(51.805.000)	
Viðbótarframlag vegna Sóknaráætlunar	63.000.000	63.000.000	
Sértekjur			
Endurgreiddur útlagður kostnaður			-
Aðrar tekjur			
Verkefnaframlög ráðuneyta		15.800.000	16.000.000
Samtals	408.870.000	361.100.000	364.473.000
Rekstrarkostnaður			

64.FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Þinggerð

Haldið 10. maí 2019 í Félagsheimilinu á Þingeyri

Laun og launatengd gjöld	106.000.000	46.120.000	
Stjórn og nefndir	12.000.000		1.200.000
Aðkeypt ráðgjöf og þjónusta			
Annar skrifstofukostnaður	21.150.000	17.110.000	
Kostnaður vegna sérverkefna			
Greiddir styrkir og áhersluverkefni	70.700.000	120.340.000	147.575.000
Kostnaður vegna sérverkefna	18.700.000	7.530.000	
Framlög til Vestfjarðastofu	130.000.000	110.480.000	148.700.000
Framlög til Atvest		17.440.000	
Almenningssamgöngur	37.300.000	38.500.000	54.400.000
Annar kostnaður			
Endurskoðun ofl.	3.000.000		500.000
Lífeyrisskuldbindingar			7.500.000
Samtals	398.850.000	357.520.000	359.875.000
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnstekjur	10.020.000	3.580.000	4.598.000

Þingskjal 6 Kjörbréfa-reikningur

Sveitarfélag	Adalfulltrúi	Heildaratkvæðsvægi sveitarfélags	Athvæði á hvorn sv.	vægi
Árneshreppur	Eva Sjúrbjörnsdóttir	Ekki mætt	340	
Atkv. A manni	Guðlaugur Agnar Ágústsson	Ekki mætt		3,48%
0	Árinbjörn Bernharðsson	Ekki mætt		
	Þjarnheiður Júlía Fossdal	Ekki mætt		
	Þjarn Torfásson	Ekki mætt		
		Samtals mætt fyrir atkv.		0
Bolungavíkurkaupstaður		1253		12,83%
Atkv. A manni	Baldur Smári Einarsson		179,00	
179,0	Guðbjörg S. Hafþórsdóttir		179,00	
	Hljóður Torfásson		179,00	
	Katrín Pálsdóttir		179,00	
	Magnús Ingi Jónsson		179,00	
	Signýður Hulda Guðjónsdóttir		179,00	
	Kristján Jón Guðmundsson		179,00	
		Samtals mætt fyrir atkv.		1253
Ísafjarðarbær	Anna Lára Jónsdóttir	fer með umboð	4100	42,00%
Atkv. A manni	Áron Guðmundsson	x	455,56	
455,56	Kristján Þór Kristjánsson	x	455,56	
	Nanny Anna Guðmundsdóttir	x	455,56	
	Sif Huld Albertsdóttir	x	455,56	
	Margellius Sveinbjörnsson	x	455,56	
	Sjúður Hreinsson	x	455,56	
	Hafþjálfr Gunnarsdóttir	x	455,56	
	Daniel Jakobsson	x	455,56	
		Samtals mætt fyrir atkv.		4100
Keldraneshreppur		403		4,13%
Atkv. A manni	Finnur Ólafsson	x	80,6	
80,60	Ingólfr Árni Haraldsson	Finnur fer með umboð	80,6	
	Eva Katrín Reynisdóttir	Finnur fer með umboð	80,6	
	Margrét Ólaf Bjarnadóttir	Finnur fer með umboð	80,6	
	Arnlin Ólafsdóttir	Finnur fer með umboð	80,6	
		Samtals mætt fyrir atkv.		403
Reykholahreppur	Ingiimar Ingimarsson	x	558	5,72%
Atkv. A manni	Karl Kristjánsson	Ingiimar fer með umboð	111,60	
186,00	Árny Huld Haraldsdóttir	Ingiimar fer með umboð	111,60	
	Embla Dögg Jóhannsdóttir	Ingiimar fer með umboð	111,60	
	Jóhanna Ósp Einarisdóttir	Ingiimar fer með umboð	111,60	
		Samtals mætt fyrir atkv.		558,00
Strandabyggð	Jón Gísli Jónsson		749	7,67%
Atkv. A manni	Guðfinna Lára Hávarðardóttir	x	149,80	
149,80	Ingibjörg Benediksdóttir	x	149,80	
	Adalbjörg Sigrý Sigrvaldadóttir	x	149,80	
	Pjetur Matthíasson	x	149,80	
		Samtals mætt fyrir atkv.		749,00
Súðavíkurhreppur	Steinn Ingi Kjartansson		504	5,16%
Atkv. A manni	Guðbjörg Þormundsdóttir	Elsa fer með umboð	100,80	
100,80	Karl Kjartansson	Elsa fer með umboð	100,80	
	Samuel Kristjánsson	Elsa fer með umboð	100,80	
	Elsa Borgþórsdóttir	x	100,80	
		Samtals mætt fyrir atkv.		504,00
Tálknafjarðarhreppur	Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir	x	558	5,72%
Atkv. A manni	Lilja Magnúsdóttir	x	111,60	
111,60	Þjarnveig Guðrúndsdóttir	x	111,60	
	Þjarnvein Smári Haraldsson	x	111,60	
	Guðni Jóhann Ólafsson	x	111,60	
		Samtals mætt fyrir atkv.		558,00
Vesturbyggð	Fríðbjörg Matthíasdóttir	x	1298	13,30%
Atkv. A manni	Magnús Jónsson		185,43	
185,43	Ísa Marsibil	x	185,43	
	Ásgeir Sveinsson		185,43	
	Jón Árnason		185,43	
	Maria Ósk Óskarsdóttir		185,43	
	Þorkatla Soffía Ólafsdóttir		185,43	
		Samtals atkvæði		1298,00

9763
Samtals mætt fyrir atkv. 9423,00
 Mæting í % 96,52%
 AÐG atkvæði 240,00

Þingskjal 7 Tillaga um heimild til að breyta megi samþykktum á haustþingi**Tillaga um heimild til að breyta megi samþykktum á haustþingi**

Samkvæmt 12 gr. samþykktu Fjórðungssambands Vestfirðinga er heimilt að breyta samþykktum á Fjórðungspingi.

64. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið á Þingeyri 10. maí 2019 að heimila að tillögu að breytingum á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga megi leggja fyrir á haustþingi FV sem haldið verður dagana 5-6. október 2019.

Breytingar verði sendar sveitarfélögunum með dagskrá haustþings.

Þingskjal 8 Tillaga um stofnun millipinganevndar um endurskoðun samþykktu og þingskapa**Tillaga um stofnun millipinganevndar um endurskoðun samþykktu og þingskapa**

64. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið á Þingeyri 10. maí 2019 samþykkir að skipuð verði þriggja manna millipinganevnd sem hafi það hlutverk að endurskoða samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga m.a. með tilliti samþættingar starfsemi Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu.

Einnig verði millipinganevnd falið að endurskoða þingsköp Fjórðungspings.

Fjórðungsping beinir til Vestfjarðastofu að starfsháttanevnd Vestfjarðastofu verði falið að vinna með nefndinni.

Miðað er við að nefndin taki strax til starfa og skili álit sínu til sveitarfélaganna fyrir lok júní 2019 og kalli eftir viðbrögðum sveitarfélaga.

Breytingartillögum verði skilað fyrir 10. september 2019.